

Kjalnesingar bjóða heim helgina 29. og 30. júní.

Undanfarin ár hafa íbúasamtök Kjalarness staðið fyrir fjölskylduhátíð á Kjalarnesdegi. Með liðsinni félaga og stofnana á Kjalarnesi verður nú boðið upp á viðamikla dagskrá síðustu helgina í júní.

Í Fólkvangi verður framtakssömu fólki boðið upp á aðstöðu til að koma framleiðsluvörum sínum og öðrum söluvarningi á framfæri. Kvenfélagið Esja starfrækir kaffihús í Fólkvangi. Ekki er þá eingöngu verið að horfa til Kjalnesinga heldur einnig að ná til þeirrar fjölmörgu sem fara um Kjalarnesið á hverjum degi. Til þess að gera þetta mögulegt er nauðsynlegt að leita til sem flestra og þegar hafa undirtektir verið afskaplega góðar.

Laugardagurinn 29. júní er dagur fjölskyldunnar með áherslu á leiki, útivist, gróðursetningu í barnalund, handverksmarkað, kaffihús, fjórhjóla- og bátsferðir, ratleiki og fjölmargt fleira. Öndvegissúlur verða afhjúpaðar og gróðursettar verða plöntur við Arnarhamar. Sundlaugin verður opin og deginum líkur með sameiginlegu grilli og kvöldvökustemmingu í hverfinu.

Sunnudagur 30. júní er dagur fjölbreyttrar menningar sem hefst með táknrænu upphafi „Græna trefilsins“ í Esjunni þegar plöntur verða gróðursettar við gömlu þjóðleiðina í Esjunni milli Kerhóla og Söðlagerðis. Síðan verðu gengið til guðspjónustu að Esjubergi sem hefst kl. 14 nálægt þeim stað sem fyrsta kirkja á Íslandi var byggð. Í Fólkvangi bíður Brautarholtssókn til kirkjukaffis kl. 15 - 17. Í kirkjukaffinu bíður sögufélagið Steini upp á fyrirlestur Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar sem hann nefnir „Málamiðlun á Eyjaslóð“ þar sem hann segir frá kynnum sínum af menningu og bókmenntum á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum

Nánari upplýsingar um dagskrá verða á kjalarnes.is.